

## Aðalfundur KGSÍ haldinn Akureyri 6.maí 2023

Formaður, Smári Sigurðsson, bíður fundarfólk velkomið og setur fund klukkan 10.30.

Fundarstóri kjörinn Albert Eymundsson og Heimir Janusarson ritar fundargerð.

### Skýrsla stjórnar vegna ársins 2022, formaður kynnir.

Umræður um skýrslu stjórnar koma fram að Hafnarfjarðargarður mun loka líkhúsi sem rúmar 20 lík innan mánaðar.

Fyrirspurn frá Kristjáni Linnet kgrp um hvort ætti að auka frelsi og val í meðferð duftkerja.

Svar.: Ekki hafa komið neinar beiðnir um slíkt.

### Endurskoðaður reikningur fyrir árið 2022 lagður fram til umræðu og afgreiðslu. Ingvar Stefánsson (kgrp) kynnir.

Engar athugasemdir komu fram. Reikningar samþykktir samhljóða.

### Kosningar til stjórnar og varamanna til stjórnar KGSÍ.

Aðalstjórn gaf öll kost á sér og var endurkjörin,

Varamenn í stjórn Anna Kristjánsdóttir frá Akranesi og Matthildur Hauksdóttir Ísafirði

### Tillaga um skoðunarmenn reikninga KGSÍ samþykkt

Magnús Gunnarsson frá Hafnarfjarðarkirkjugarði og Bogi Benediktsson frá Lágafellskirkjugarði

### Spá um fjölda andláta næstu tvo áratugi og þróunn bálfara. Smári Sigurðsson kynnir.

Umræða. Vekur athygli á á nýjungum á Garður.is

### Skráningarkerfið á garður.is – framtíð- er verið að skipta rétt? Hvað má betur fara ?

Spurt um hvort það sé eftirlit með hvort duftker eru sett í þann reit sem til stóð og hvort alltaf sé haft samband við viðkomandi kirkjugarðsstjórn við greftrun á kerjum.

Umræða um skráningu á rétthafa/aðstananda/tengiliðar, valdsvið þeirra, útfarastofur eigi að leysa ósætti ef upp kemur.

Aukið frelsi við meðferð gæti dregið úr greftrunum innan Garðanna og skráning yrði ónákvæmari.

**Samtalið við ríkisvaldið. Smári Sig. form. Fer yfir samskipti við ríkisvaldið liðið ár. Komin er smá viðleitni hjá ríkisvaldinu að leiðrétta margra ára reiknisskekkju í kerfinu og betur má ef duga skal að ná fram þeirri leiðréttingu.**

Matarhlé.

Matur í boði KGSÍ

**Formaður þakkar Þórunni Ragnarsdóttir Alberti Eymundssyni fyrir þeirra stjórnarstörf í gegnum tíðina og færði þeim blóm í þakklætiskyni.**

**Uppsetning minningarmarka, innlegg frá steinsala og kynning á verklagsreglum Garðanna á Akureyri**

I upphafi kom ábending frá Birni steinsala að bæta þarf skráningar á Garður.is hver fer með stjórnun og getur veitt upplýsingar og helst að hafa kort aðgengileg.

Spurt var hvort og hvatt til þess steinsali hafi samband kirkjugarðstjórnar áður en farið er í viðkomandi garð.

Hvatning kom fram að steinsalar reyni að selja blómavasa og luktir sambyggt legsteini það auðveldar viðhald. – en erfit getur verið að stjórna smekk fólks.

Umræður sköpuðust um hvíta mól og sýnist sitt hverjum.

Spurt var hvort rammar væri ekki bannaðir samkv. lögnum um kirkjugarða? Svar var að þetta væri mismunandi túlkun á lagaákvæðum.

**Smári fer yfir verklagsreglur Akureyrargarðanna.**

Spurt um hvort nota megi opinbert fé í samkeppni við einkaaðila sbr að Garðurinn sé að rétta legsteina á eigin kostnað - Samkv. túlkun flokkast það undir lögbundið smáviðhald.

Í Gufunesgarði eru sendar út tilkynningar og hvatning að þremur árum liðnum gengur starfsfólk frá reitnum á sómasamlegan hátt.

Fyrst og fremst snýst þetta um gott samstarf við aðstandendur.

**Fjölmening og grafarsíðir.**

Kári Aðalsteinsson og Helena Þorgeirsdóttir kgrp segja frá fjölbreyttum grafreitum í Gufunesgarði og mismunandi grafarsíðum. Þar koma fram að múslimareitur í Gufunesgarði er að fyllast og nýr reitur verður í Kópavogsgarði.

Sköpuðust umræður málefnið og komu athugasemdir um að Þjóðkirkjan væri að greiða grafarkostnað fyrir aðra trúarhópa – sem er reyndar misskilningur.

En líka kom fram að þetta væru okkar verkefni og ekkert trúfélag eða lífskoðunnafeilag er í einhverjum forgangi – í gördunum eru allir jafnir.

**Frágangur nýrra kistugrafa.**

Smári Sig kynnti málið og spurði forstöðufólk mismunandi garða um þeirra útfærslur. Kom fram að grafir eru tyrfðar 1 – 3 árum eftir útför og í flestum tilfellum eru grafir þá fullsignar.

**Gömul minningarmörk.**

Guðmundur Rafn segir frá viðgerðum og viðhaldi á pottjárngirðingum og minningarmörkum og þeirri miklu þekkingu sem er búið að safna saman en útbúnar hafa verið leiðbeiningar fyrir lagfæringar á steypurjárnsgerðum sem munu verða aðgengilegar á nýrri heimasíðu

kirkjugarðaráðs. Áriðandi er að efla þekkingu á gömlu handverki og samtal hefur átt sér stað við Verkmenntaskólan á Sauðarkróki um kynningu og kennslu í meðferð á pottjárnri .

#### Önnur mál.

1. Anna Kristjánsdóttir frá Akranesi: Aðstandendur vilja gefa garðinum bekk til þess að hafa í garðinum má það? – svar.: Yfirleitt tekið fagnandi en staðsetning og skipulag er alltaf í höndum kirkjugarðsyrivalda.
2. Þórunn Ragnarsdóttir Þakkar fyrir sig og samstarf í stórn og þakkar sérstakleg Guðmundi Rafni áratuga samstarf.
3. Ívar Hansen form. Stjórnar Akureyrargarðana bíður fundarmönnum og mökum til mötöku í Naustahöfða garði.
4. Albert Eymundsson Þakkar samstarf í stjórn í gegnum árin og þakkar fundarfólki góðan fund.
5. Smári Sigurðson hvetur til þess að lög um kirkjugarða verði endurskoðuð í heild sinni og látið af bútasami.

Ennfremur velti hann því upp hvort ætti að finna nafn yfir kirkjugarða þar sem fleiri hópar koma að stjórnun garðanna,

Velti hann einnig upp hvort breyta ætti fyrirkomulagi Aðalfundar, hafa hann kannski annað hvert ár jafnvel á þriggja ára fresti.

Hvatti fundarfólk að vera ófeimið að hafa samband við stærri garðanna um upplýsingar eða aðra þá aðstoð sem hægt væri veita.

Þakkaði góðar umræður og sleit fundi kl 15.30